

Skráning menningarminja í Öræfum

Lokaskýrsla verkefnis sem hlaut styrk hjá Kvískerjasjóði árið 2011

Guðlaug Matthildur Jakobsdóttir
Halldóra Oddsdóttir



Verkefnið

Verkefnið Skráning menningarminja í Örfæfveit hlaut styrkúthlutun frá Kvískerjasjóði árið 2011. Við leggjum nú fram lokaskýrslu verkefnis og viljum við einnig þakka kærlega fyrir veittan styrk sem kom sér afar vel.

Verkefnið *Skráning menningarminja í Örfæfveit* var heimildaöflun þar sem lögð var áhersla á að skrásetja og ljósmynda gamla hluti sem eru í eigu fólks í Örfæfveitinni. Markmiðið var að skrá sem mest af munum sem smíðaðir voru í sveitinni, en einnig voru margir hlutir af skipum sem höfðu strandað til á bæjunum. Ekki var ætlunin að koma hlutum á safn enda er það í valdi eigenda þeirra, heldur vildum við skrá þá niður sem heimildir og staðsetja. Einnig voru tekin viðtöl við þá ört fækkandi íbúa sem enn hafa þekkingu á uppruna hlutanna og verkkunnáttu tengda þeim. Verkefnið hófst í júní 2010 og lauk í maí 2012.

Sem dæmi um hluti sem voru skráðir var til dæmis búsáhöld, hannyrðir, verkfæri, húsgögn, listmunir, góss af ströndum sem öðluðust nýtt hlutverk á bæjunum, leikföng barna og hugvitsamlegar uppfinningar. Örfæingar hafa verið einstaklega hjálpsamir og þolinmóðir að dvelja langar stundir í útihúsum til þess að gera okkur kleift að vinna þetta verkefni og erum við mjög þakklátar fyrir það.

Umfang verkefnisins var nokkuð meira heldur en gert var ráð fyrir og tók því lengri tíma en áætlað var.

Aðferðafræði og úrvinnsla

Við byrjuðum á því að senda út bréf til allra í sveitinni þar sem við bárum upp hugmyndina og var ætlunin að vekja athygli íbúanna á hugmyndinni. Við bjuggumst ekki við miklum viðbrögðum í byrjun enda varð það raunin að viðbrögðin voru engin. Við höfðum hins vegar hugsað okkur að hafa samband við ákveðna íbúa þar sem við vissum að til voru hlutir sem vert væri að skoða. Ekki reyndist það vera neitt vandamál þegar til kom og fengum við góðar móttökur hjá öllum þeim aðilum sem við höfðum samband við.

Viðtölin voru tekin á stafrænt upptökutæki um leið og hlutirnir voru skoðaðir og mældir. Við fundum fljótt að eigendur vildu frekar vera viðstaddir þegar ljósmyndirnar voru teknar og því var sú ákvörðun

tekin. Þetta gerði það þó að verkum að viðtölin virka oft á tíðum samhengislaus og inn á milli er spjallað um daginn og veginn. Hlutirnir voru ljósmyndaðir og mældir við misjafnar aðstæður þar sem aðgengi var oft á tíðum erfitt vegna aðstæðna í geymslum og útihúsum.

Tekin voru viðtöl við sjö manns.

Guðveig Bjarnadóttir í Bólta í Skaftafelli

Laufey Lárusdóttir í Freysnesi

Pálina Þorsteinsdóttir í Svínafelli

Unnir Bjarnadóttir í Hofskoti á Hofi

Ásdís Gunnardsdóttir í Læjarhúsum á hofi

Nanna Sigurðardóttir á Fagurhólsmýri

Helgi og Hálfván Björnssynir á Kvískerjum

Hlutir voru ljósmyndaðir frá eftirfarandi bæjum í sveitinni.

Bólta í Skaftafelli

Hæðum í Skaftafelli

Austurbæ í Svínafelli

Hofskoti á Hofi

Neðri-bæ á Fagurhólsmýri

Vestu-Hjáleigu á Hnappavöllum

Austur-Hjáleigu á Hnappavöllum

Kvískerjum

Samtals voru skráðir og ljósmyndaðir hlutir 339 og voru þeir skráðir í munaskrá Byggðasafns Austur-Skaftafellssýslu, en Björg Erlingsdóttir forstöðumaður menningarmiðstöðvar Hornafjarðar veitti okkur leyfi til þess að skrá heimildir í munaskrá. Hlutirnir eru skráðir sem *munir í einkaeigu*, en með því að skrá heimildirnar í munaskrána þá er engin hætt á að þær heimildir sem aflað var glattist. Viðtöl, ljósmyndir og annað efni sem safnað var á meðan á verkefninu stóð er í vörslu Guðlaugar M. Jakobsdóttur og ber að hafa samband við hana sé áhugi fyrir að nota efni úr verkefninu.

Tímaskýrsla

Dags	Hvað gert	Fj. tíma	Starfsm.	Hvar
19.jún.10	Viðtal og myndataka	4	GMJ/HO	Laufey Hæðum
20.jún.10	Viðtal og myndataka	4	GMJ/HO	Laufey Hæðum
2.sep.10	Viðtal og myndataka	3	GMJ/HO	Nanna Fagurhólmsmýri
3.sep.10	Skráning og umritun	3	GMJ	Laufey Hæðum
5.sep.10	Viðtal og myndataka	2	GMJ	Guðveig Bölda
7.sep.10	Umritun viðtala	2	GMJ	Laufey Hæðum
2.jan.11	Akstur í Öræfin	5	GMJ	
3.jan.11	Viðtal á Kvískerjum	3	GMJ/HO	Helgi og Hálfán Björnssynir
3.jan.11	vettvangskönnun	1	GMJ/HO	Sigurður Gunnarsson Hnappavöllum
4.jan.11	Umritun viðtala	3	GMJ	Viðtalið við Kvískerjabræður
5.jan.11	Umritun viðtala	1	GMJ	Viðtalið við Kvískerjabræður
5.jan.11	skráning í gagnargrunn	2	GMJ	
6.jan.11	Myndataka á Hnappavöllum	2	GMJ	Hjá Sigurði Gunnarssyni
7.jan.11	Viðtal og myndataka	3	GMJ/HO	Laufey Lárusdóttir Freysnesi
8.jan.11	Akstur til Reykjavíkur	5	GMJ	
12.jan.11	skráning í gagnargrunn	2	GMJ	Munaskrá Byggðasafns A-Skaft.
13.jan.11	skráning í gagnargrunn	2	GMJ	Þjóðabókhlaða
14.jan.11	skráning í gagnargrunn	2	GMJ	Þjóðabókhlaða
21.feb.11	Akstur í Öræfin	5	GMJ	
23.feb.11	Viðtal	1	GMJ	Ásdís Gunnarsdóttir, Hofi
23.feb.11	Viðtal og myndataka	2	GMJ	Unnur í Kotinu á Hofi
23.feb.11	Viðtal og myndataka	4	GMJ/HO	Pálína Þorsteinsdóttir Svínafelli
25.feb.11	Akstur til Reykjavíkur	5	GMJ	
1.apr.11	Akstur í Skaftafell	5	GMJ	
4.apr.11	Viðtal og myndataka	4	GMJ/HO	Helgi og Hálfán á Kvískerjum
5.apr.11	Viðtal og myndataka	4	GMJ/HO	Helgi og Hálfán á Kvískerjum
7.apr.11	Akstur til Reykjavíkur	5	GMJ	
14.nóv.11	umritun viðtala	2	GMJ	viðtal við Kvískerjabræður
31.des.11	umritun viðtala	1	GMJ	viðtal við Kvískerjabræður
8.jan.12	umritun viðtala	2	GMJ	viðtal við kvískerjabræður
9.jan.12	umritun viðtala	1	GMJ	viðtal við Kvískerjabræður
14.jan.12	umritun viðtala	2	GMJ	viðtal við Kvískerjabræður
19.jan.12	umritun viðtala	1	GMJ	viðtal við Kvískerjabræður
19.mar.12	umritun viðtala	1	GMJ	viðtal við Kvískerjabræður
20.mar.12	umritun viðtala	1	GMJ	Viðtal við Laufeyju
22.mar.12	umritun viðtala	1	GMJ	Viðtal við Laufeyju
27.mar.12	umritun viðtala	2	GMJ	Viðtal, Kvísker og Austurbær
19.apr.12	Skráning	5	GMJ	Munaskrá Byggðasafns A-Skaft.
20.apr.12	Skráning	6	GMJ	Munaskrá Byggðasafns A-Skaft.
21.apr.12	Skráning	4	GMJ	Munaskrá Byggðasafns A-Skaft.

23.apr.12	umritun viðtala	7	GMJ	umritun viðtala
24.apr.12	umritun viðtala	7	GMJ	umritun viðtala
25.apr.12	umritun viðtala	5	GMJ	umritun viðtala
28.apr.12	umritun viðtala	6	GMJ	Helgi á Kvískerjum
30.apr.12	Skráning	1	GMJ	Munaskrá Byggðasafns A-Skaft.
2.maí.12	Skráning	1	GMJ	Munaskrá Byggðasafns A-Skaft.
5.maí.12	Skráning	4	GMJ	Munaskrá Byggðasafns A-Skaft.
18.maí.12	skráning	8	GMJ	Munaskrá Byggðasafns A-Skaft.
19.maí.12	skráning	6	GMJ	Munaskrá Byggðasafns A-Skaft.
	Samtals vinnutímar	158		

Niðurstaða

Þegar á heildina er litið þá báru munirnir oft keim af áhugasviði og hæfileikum heimilsmanna eða fyrrverandi ábúenda. Það var einnig mjög misjafnt hve miklu hafði verið haldið til haga á hverjum bæ fyrir sig og sumstaðar hafði flestu verið hent.

Á Kvískerjum er t.d. hægt að sjá þverskurð af áhugasviði heimilsmanna í þeim hlutum sem þar eru varðveittir. Þar er mikið af hlutum sem eru smíðaðir og hannaðir af þeim bræðrum og eru þeir hlutir aðlagaðir að þeim aðstæðum sem lifað var í. Svo ber einnig að nefna listrænt handbragð þeirra bræðra, sérstaklega Flosa og Helga, en mikið er til af útskurði eftir þá. Á Kvískerjum voru langflestir hlutanna sem skráðir voru eða 108. Það er óhætt að fullyrða að ekki náðist að skrá alla þá hluti sem þar eru geymdir. Þar er ekki nægilega góð aðstaða til þess að varðveita þá mörgu hluti sem þar finnast. Varðveisla hlutanna er ekki með skipulögðum hætti en hins vegar ber að geta þess að þeir hlutir eru allflestir merktir með gagnlegum upplýsingum um uppruna og notkun. Þar var því aðgengi að upplýsingum best í þessari vinnu þó að aðgengi að hlutunum sjálfum hafi oft verið mjög erfitt. Það ljóst að Kvískerjamenn hafa verið lang ötulastir við að varðveita og geyma hina ýmsu hluti bæði sem þeir hafa smíðað sjálfir og einnig ýmislegt sem fundist hefur og fengist úr ströndum.

Í Freysnesi er áberandi hve mikið er til af mjög gömlum verkfærum ýmiskonar sem notuð voru í Hæðum í Skaftafelli. Þar hafa í gegnum tíðina búið miklir handverksmenn og eru verkfæri sem varðveitt eru þar allt frá 18. öld. Í Freysnesi voru flestir hlutirnir geymdir við góðar aðstæður, en þar voru skráðir 79 hlutir. Ragnar Stefánsson hafði verið rétt byrjaður að merkja þá þegar hann lést og því ekki til miklar upplýsingar um hlutina. Sérstaklega vantaði upplýsingar um allan þann fjölda verkfæra sem varðveitt eru þar. Mikið er varðveitt af mjög gömlum hlutum og þá sérstaklega heimasníðuðum áhöldum.

Í Bólta í Skaftafelli voru skráðir 14 hlutir, en á þeim bæ var ekki haldið upp á gamla hluti nema í undantekningartilfellum og voru það þá helst munir sem húsmóðirin kom með með sér þegar hún hóf búskap í Skaftafelli. Þeir eru flestir mjög gamlir. Einnig var nokkuð um að handverk ýmiskonar hafi verið geymt.

Í Austurbænum í Svínafelli kenndi ýmissa grasa, þar sem hlutir og húsgögn voru frá ýmsum áttum og skráðum við 34 hluti. Einnig var þar töluvert af hlutum úr ströndum. Þar á bæ skráðum við hluti sem voru eiskonar þverskurður af heimilinu innandyra, búsáhöld, matarstell, matreiðslubók, húsgögn, bæði smíðuð í sveitinni og einnig frá Sandfelli. Einnig var um að ræða leikföng barnanna, kjúkur, dýr útskorin af samsveitungum og einnig aðkeypt. Hér var um að ræða persónulegasta safn hluta sem við sáum.

Í Hofskoti var ekki um marga hluti að ræða eða 15 alls og voru þeir úr ýmsum áttum, aðallega búsáhöld. Helst ber þó að nefna gamlan brúðhjónabekk úr Sandfellskirkju sem er mjög illa farinn og er geymdur við lélegar aðstæður.

Á Fagurhólsmýri voru skráðir 39 hlutir og mikið um hugvitsama smíði, aðallega nytjahlutir með mikið fagurfræðilegt gildi. Einnig var forvitnilegt að líta inn á verkstæði Helga Arasonar en þar var mikið um verkfæri ásamt rennibekk. Þar var einnig að finna hannyrðir, en þar bjó mikið hannyrðafólk.

Í vestur-Hjáleigu skráðum við 37 muni, flestir eru þeir geymdir á sama stað við ágætar aðstæður í gamla bænum og snyrtilega um þá gengið. Hins vegar var aðgengi að upplýsingum af skornum skammti, enda margir af þeim hlutum afar gamlir. Þar þyrfti meiri heimildarvinnu til.

Í austur-Hjáleigu skráðum við 13 hluti. Þar var varsla þeirra ekki með skipulögðum hætti, í hillum eða kössum í herbergjum. Þó voru flestir hlutirnir í íbúðarhúsinu en nokkrir á háalofti og í skemmu. Þess ber að geta að nokkuð mikið hefur verið gefið af hlutum sem tengdust Páli Þorsteinssyni alþingismanni á Byggðasafnið á Höfn og því ekki mikið sem eftir er. Þar má nefna skrifstofu þingmannsins.

Það sem betur mátti fara

Ljóst er að mikla vinnu er enn hægt að leggja í verkefni sem þetta þar sem nokkuð skortir enn á heimildir um uppruna hlutanna sem skráðir voru, en þá vinnu þyrfti að vinna með aðstoð sagn- eða þjóðfræðings. Margt af því fólki sem þekkti hlutina er látið og því vitneskjan um þá að hverfa. Við myndum telja að reynsluleysi og tímaskortur hafi verið okkar akkilesarhæll þar sem báðar vorum við að vinna þetta með fullri vinnu. Einnig hefðum við viljað heimsækja nokkra aðila oft og eflaust eru fleiri merkilegir hlutir til hjá íbúum í Öræfum. Ef vel ætti að vera þá þyrfti miklu ítarlegri heimildavinnu, en þó ber að geta þess að verkefnið var hugsað þannig að um grunnvinnu væri að ræða, þ.e. að skrá, ljósmynda og staðsetja munina, að taka fyrstu skrefin í einhverju sem gæti mögulega undið upp á sig og auðveldað þeim sem áhuga hafa á að nálgast upplýsingar eða hlutina sjálfa.

Lokaorð

Við erum báðar úr Öræfunum, Halldóra er búsett þar en Guðlaug er brottflutt og því var þetta verkefni auðveldara en ella þar sem íbúarnir þekkja okkur og þar af leiðandi reyndist aðgengið auðveldara. Sveitin milli sanda ber nafn sitt með rentu ennþá þó hún sé orðin viðkomustaður um 2-300 þúsund ferðamanna ár hvert. Hluti af íbúum þar láta þá umferð ekki raska ró sinni og eru á margan hátt einstakir í hugsun og eru mjög stoltir af sinni afleifð sem felst í því hve einangruð sveitin var áður en brýr komu á Jökulsá á Breiðamerkursandi og Skeiðará. Hér má segja að miklar andstæður séu til staðar þar sem að annars vegar halda eldri íbúarnir fast í þá fortíð sem sveitin á og hins vegar eru það ferðaþjónustubændurnir sem sjá um að þjónusta alla þá ferðamenn sem vilja líta þessa einstöku sveit augum, klífa tinda og jökla eða bara að njóta kyrrðarinnar sem umlykur hana. Allir þeir sem við ræddum við eru samhljóma um að þeir munir sem til eru í Öræfum ættu að vera þar áfram og telja að þeir muni missa gildi sitt verði þeir fluttir á brott til sýnis eða vörslu á öðru svæði. Munirnir eru ekki eingöngu merkilegir vegna aldurs margir hverjir, heldur hafa þeir fagurfræðilegt gildi og fyrst og fremst eru þeir órjúfanlegur hluti af lífi Öræfinga sjálfra og fortíðar þeirra, en það er sú heildar mynd sem gæðir þessa hluti lífi.

Þó að Öræfasveitin sé fögur ásýndum þá er hún ekki bara útlitið heldur felur hún í sér langa sögu erfiðrar lífsbaráttu við náttúruöflin, þegar íbúarnir klifu ekki fjöll og jökla sér til gamans eða til þess að ná fjallstoppamarkmiðum ársins, heldur héldu þeir til fjalla í göngur eftir fé, stikuðu jökla til þess að komast leiðar sinnar yfir mórauðar og ólgandi jökulár og kyrrðin var þeirra hversdagsleiki.

Þessi saga er að hluta til falin í þeim menningarminjum sem við höfum skráð í þessu verkefni. Lífið í Öræfunum hefur breyst mikið á síðastliðnum 20 árum þar sem fjárbændum fækkar á meðan að ferðabjónustubænum fjölgar í takt við þróun annars staðar. Því er mjög mikilvægt að menningarsagan, saga íbúanna og lífsins á staðnum gleymist ekki því hún gæðir staðinn því lífi sem hann á skilið. Með þessu verkefni vonumst við til að hafa skráð niður grunnheimildir sem vonandi munu koma að gagni síðar meir. Á næstu síðum er sýnirhorn úr þeirri vinnu sem unnin var í verkefninu.

Með kærri kveðju og miklu þakklæti

Guðlaug M. Jakobsdóttir og Halldóra Oddsdóttir



Bókakápa úr tekki, skorið út af Flosa Björnssyni árið 1946. Inni í þessari bókakápu var bænakver merkt FB Kvískerjum og er það enn til. Helgi Arason gaf Flosa bænakverið sem inniheldur morgunbæn, kvöldbæn, nýársálm, huggunar- og bænasálm.
Varðveislustaður: Kvísker



Orgel, smíðað 1897. Keypt í sveitina árið 1918 af Lárusi Magnússyni frá Svínafelli föður Laufeyjar fyrrum bústýru í Hæðum í Skaftafelli. Þegar Lárus var að flytja orgelið í Öræfin þá hófst Kötlugos, en orgelið og mannskapur komust heilu og höldnu á áfangastað. Síðar var orgelinu hent út og stóð það einhvern tíma úti þar til Laufey bjargaði því og lét lagfæra.
Varðveislustaður: Freysnes




Útskorin ístöð úr horni og tré.
Stærð: 12 x 12
Uppruni: ekki vitað, en mjög gömul.
Varðveislustaður: Austur-Hjáleiga,
Hnappavöllum.
Fleiri sambærileg ístöð eru í varðveislu á
öðrum bæjum í sveitinni, t.d. á
Kvískerjum og í Vestur-Hjáleigu.



Trafakeli frá 1751
Stærð: 42 x 5
Varðveislustaður: Austur-Hjáleiga,
Hnappavöllum
Afar fallega útskorið og nokkuð heillegt.
Með hlutnum fylgir einnig keli og var
hann notaður til að strauja flíkur.



Reisla (Vog með löngu skafti og lóði)
Eftir Jón Einarsson smíðuð 1768.
Talin vera úr einbýlisbúinu í Gömlu
túnunum í Skaftafelli.
Varðveislustaður: Freysnes
Lóðið er úr fallegum ávölum steini
og reislán úr járn. Táknin á henni
eru illsjáanleg en þó hægt að greina
þau.



Vigt smíðuð af Helga Arasyni árið 1930.
Hún var síðar notuð á pósthúsinu á Efri-bæ á Fagurhólsmýri.
Stærð: 27x10
Varðveislustaður: Efri-bær Fagurhólsmýri
Mótið fyrir þessa vigt er enn til mjög heillegt og er varðveitt á Kvískerjum.



Taflmenn smíðaðir af Ríkharði Jónssyni.
Séra Jón Norðfjörð prestur á Sandfelli gaf taflmennina á Kvísker árið 1912 þegar hann yfirgaf sóknina.
Efni: Tálgusteinn (Er úr mjúku berglagi úr kletti)
Ástand: Víða brotið upp úr þeim en listilegt handbragðið er greinilegt.
Varðveislustaður: Kvísker



Berjatýna smíðuð á Kvískerjum
Haldið úr netahring, tindar úr áli úr gömlum bensíntank úr flugvél



Rokkur. Notandi Jóhanna Jónsdóttir (1873-1944)

Rokkurinn var smíðaður handa Jóhönnu mömmu Ragnars Stefánssonar í Hæðum þegar hún var 12 ára árið 1885. Hún notaði hann alla sína tíð.

Sennilega smíðaður af Ólafi Einarssyni (afi Sveins Einarssonar f.v. Þjóðleikhússtjóra) Hann var rokkasmiður.



Uppskriftabók frá Austurbænum í Svínafelli

Halldóra Pálsdóttir eða Dóra í Flatey byrjaði að skrifa í þessa bók, svo hélt Sigrún Pálsdóttir áfram að skrifa uppskriftir í hana og svo koll af kolli. Pálína Þorsteinsdóttir notaði bókina einnig.



Úr Austurbænum í Svínafelli

Kassi notaður undir kjúkuleikföngin.
Hvert barn átti sinn kassa og sinn lit.



Strokkur frá Kvískerjum (úr viðtali)

HÁ: ég er hér með strokkinn hans Helga. Og þarna er verkið inni í. Þetta er rafmagnsstrokkur.

GMJ: Já þessi gengur fyrir rafmagni?

HE: Já það er nú svolítið skríttin saga. Einu sinni var nú bara notuð...hann var bara snúinn með handafli svo var notað vatnsafl á hann. Hann var bara í sambandi við neysluvatnið heima. Svo var farið að nota mótör, seinast.

HO: Hann hefur fengið að prufa ýmislegt þessi.

GMJ: hvenær var þessi strokkur í notkun?

HE: Ætli ártalið sé ekki á honum.

GMJ: 1944 sést hér.

HE: En þessi gerð hún er tilraunaverkfæri, það var upphaflega gerð tilraun með þetta. Hvort það væri hægt að hafa svona hringlaga með skjólu.

HÁ: bara hálf strokkur með bullunni þarna á.

GMJ: voru þeir ekki yfirleitt ferkantaðir?

HE: Jú þessir snúnu strokkar voru yfirleitt ferkantaðir.

HE: þú sérð nú þarna teikninguna af strokknum.

GMJ: er teikning með honum?

HE: jú

HE: Strokkurinn er úr tekki og áli.

GMJ: Þannig að fyrst var hann handknúinn, svo var hann vatnsknúinn og að lokum rafknúinn.

HE: já það er rétt.



Beisliskjálkar smíðaðir af Kopar- Stefán
i Þorláksson (1808-1871)

(úr viðtali við Kvískerjabræður)

HÁ: hérna eru svona kjálkar.

GMJ: eru þeir aðkeyptir?

HE: já og eins sylgjurnar líka. Þetta er talið
vera íslensk smíði.

GMJ les: Ef til vill eru þeir steyptir af kopar
Stefáni Þorlákssyni (1808 – 1871) Um 1940
voru kjálkarnir þynntir til að léttu þá.

Maður hefur heyrt þá frásögn að þessi kopar
Stefán að hann hafi haft það að atvinnu að
steypa ýmsa hluti úr kopar. Svona hringjur
og beisliskjálka og svo hafi hann borið þetta
sjálfur til að selja það alveg austur á Mýrar
og jafnvel hingað út í Örfæfi.



Frá Efri-bæ á Fagurhólsmýri.

Halldóra Jónsdóttir saumaði upp úr
aldamótunum 1900.